

Nd. 515. Frumvarp til laga
um veiting ríkisborgararéttar.

Frá allsherjarnefnd.

1. gr.

Ríkisborgararétt skal öðlast:
Frú Ágústa Pétursdóttir, til heinnilis í Reykjavík, fædd í Reykjavík 9. febrúar
1915.

2. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Greinargerð.

Frumvarp þetta er flutt að tilhlutun dómsmálaráðuneytisins, og mælir það með því, að það verði samþykkt. Umsækjandi er fæddur á Íslandi af íslenskum foreldrum og hefur alltaf dvalið hér á landi nema eitt ár, er hún bjó í Danmörku með manni sínum, Hans Henrik Pay Larsen.